

**Nd.**

**525. Nefndarálit**

[179. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefndir beggja þingdeilda hafa rætt frv. þetta á sameiginlegum fundum. Enn fremur komu samgöngumálaráðherra og vegamálastjóri á fundina, samkvæmt ósk nefndanna. Veittu þeir margvíslegar upplýsingar um einstök atriði frv. og málið í heild.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með smávægilegum breytingum, sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali, en minni hlutinn er frv. andvígur.

Það er skoðun meiri hlutans, að óhjákvæmilegt sé að ráðast hið fyrsta í byggingu vega úr varanlegu efni hér á landi. En höfuðtilgangur frumvarpsins er einmitt sá að afla fjár í þessu skyni. Slík fjáröflun er frumskilyrði þess, að úr hinum nauðsynlegu vegabótum verði. Það er þess vegna ekki hægt, að álitni meiri hluta nefndarinnar, að lýsa sig fylgjandi vegagerð úr varanlegu efni, en snúast hins vegar gegn tekjuöflun til framkvæmdanna. Slík afstaða verður naumast talin rökræn.

Að þessu athuguðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali og gerð verður grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 5. apríl 1968.

Sigurður Bjarnason,  
form., frsm.

Benedikt Gröndal,  
fundaskr.

Friðjón Þórðarson.

Guðl. Gíslason.